

Aðalfundur SNS – Samtaka náttúrustofa - FUNDARGERÐ

haldinn 3. október 2024 í félagsheimilinu í Bolungarvík
Starri formaður SNS var fundarstjóri
Kristín ritari SNS var fundarritari

Eftirfarandi forstöðumenn voru mættir:

Hulda Birna Albertsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða meðstjórnandi í stjórn SNS 2024 á meðan Sigurður var í fæðingarorlofi.

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands, ritari í stjórn SNS 2024

Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands

Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofu Vestfjarða meðstjórnandi í stjórn SNS

Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands

Starri Heiðmarsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra, formaður stjórnar SNS 2024

Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Aðrir þátttakendur: Sigríður Vala Finnsdóttir (NSV), Guðrún Óskarsdóttir (NA), Rán Þórarinsdóttir (NNA), Snæpór Aðalsteinsson (NNA), Yann Kolbeinsson (NNA), Sigprúður Stella Jóhannesdóttir (NNA), Aðalsteinn Örn Snæpórsson (NNA), Margrét Lilja Magnúsdóttir (NS), Ragna Guðrún Snorradóttir (NNv), Rakel Þorbjörnsdóttir (NNv) og Margrét Hallmundsdóttir (Nave)

1. liður. Skýrsla stjórnar

Starri formaður setti fundinn og bauð Þorkeli Lindbergi Þórarinssyni þáverandi formanni SNS að flytja skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi þann 27. nóvember og fram til 31. desember 2023. Það er skemmst frá því að segja að ekkert gerðist á vegum SNS á þessum tímabili.

Í framhaldi flutt Starri, sem tók við formennsku í SNS þann 1. janúar 2024, skýrslu stjórnar frá þeim tíma og til 2. október 2024 sem var svohljóðandi:

„Um áramót 2023-2024 tók til starfa ný stjórn SNS, skipuð þeim Kristínu Ágústsdóttur, Starra Heiðmarssyni og Sigurði Halldóri Árnasyni. Á sama tíma lauk stjórnarsetu Þorkels Lindbergs Þórarinssonar. Við formennsku tók Starri en árið 2023 hafði Þorkell sinnt því hlutverki.

Fundir stjórnar

Á tímabilinu fundaði stjórn tvisvar sinnum, 30. janúar og 28. ágúst. Á fyrri fundi voru samtökin einkum til umræðu hvað varðar varðveislu gagna, heimasíðu og hvenær halda skyldi næsta náttúrustofuþing. Á þeim seinni var einungis fjallað um aðalfund SNS og náttúrustofuþing sem ákveðið var að halda samhliða. Fundargerðir stjórnar eru vistaðar hjá formanni.

Fundir forstöðumanna

Árið 2024 var haldinn einn formlegur fundur forstöðumanna en einnig voru mál reifuð og ákvarðanir teknar eftir tölvupóstssamskipti milli allra forstöðumanna:

- 3. apríl var haldinn Teams fundur meðal forstöðumanna þar sem rætt var um fundarröð umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins varðandi framtíð náttúrustofanna. Fundurinn var haldinn í kjölfar þess að Náttúrustofu Suðvesturlands hafði þá borist fundarboð vegna 1.

fundar fundarraðarinnar sem halda átti 15. apríl og annars fundarins sem haldinn skyldi á Náttúrustofu Vesturlands. Á fundinum voru málin reifuð og sammæltust forstöðumenn um að tala einum rómi varðandi kosti náttúrustofanna og mikilvægi þeirra. Einnig voru allir sammála um að óska eftir frekari upplýsingum frá ráðuneytinu varðandi skipulag fundanna. Rætt var um mögulega niðurstöðu fundarraðarinnar og voru forstöðumenn sammála um að nánast óbreytt fyrirkomulag með viðbótarverkefnum ásamt fjármögnun væri hagfelld. Formanni var falið að óska eftir upplýsingum frá ráðuneytinu varðandi skipulag fundanna og undirbúning forstöðumanna fyrir þá.

- Fljótlega eftir að forstöðumenn ræddu fundarröðina barst svar frá ráðuneytinu varðandi nánara skipulag fundanna sem hljóðar svo:
„Varðandi fundina þá eru þeir hugsaði sem opnir samtalsfundir. Ekki er gert ráð fyrir kynningum eða ferð um húsnæðið. Viðtalsramminn er svona:
Farið hringinn þar sem allir kynna sig
Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri setur fundinn, þakkar móttökurnar og kynnir markmið fundarins
Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins tekur til máls
Spurningar til fulltrúa sveitarfélaga sem standa að náttúrustofunum og stjórnenda þeirra um áherslur og framtíðarsýn:
1. Hvert er ykkar mat á þeim árangri sem Náttúrustofan hefur náð á undanförunum árum?
2. Hverjar eru þær áskoranir sem Náttúrustofan stendur frammi fyrir að ykkar mati og hvernig er hægt að bregðast við þeim?
3. Hvaða tækifæri eru til framtíðar fyrir Náttúrustofuna að ykkar mati og hvernig væri hægt að láta þau raungerast?
4. Hvaða samstarfsmöguleika og/eða samþættingarmöguleika sjá þið fyrir ykkur til skemmri og lengri tíma meðal náttúrustofa, við Landshlutasamtök svæðisins, Náttúrufræðistofnun og/eða aðra aðila?
5. Annað sem fundarmenn vilja koma á framfæri.“
- Fundarröðinni lauk á haustdögum og virðast fundirnir hafa gengið vel fyrir sig á heildina litið. Von er á skýrslu byggðri á niðurstöðu fundanna fljótlega en Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi frá Strategíu sat fundina í því skyni.

Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd

Þann 23. maí mættu Starri og Þorkell Lindberg á fjarfund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem til umræðu voru tvö mál varðandi vindorku á Ísland. Málin sem um ræðir eru 899. mál (tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi) og 900. mál (frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku)). Fyrir hönd náttúrustofa voru áréttáðar fyrri athugasemdir sem skilað var í umsögnum SNS um viðkomandi mál.

Umsagnir um þingmál

Ein umsögn um þingmál var send frá SNS á árinu við umsagnarbeiðni nr. 12570 og varðar frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál sbr. síðasta lið.

Tilnefning fulltrúa SNS í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar

Þann 2. apríl voru nýir fulltrúar SNS tilnefndir í nefndina, Lilja Jóhannesdóttir var tilnefnd sem aðalmaður og Róbert A. Stefánsson sem varamaður.

Skagafirði 1. október 2024



Starri Heiðmarsson“

Skýrslur bornar upp og samþykktar samhljóða.

2. liður. Afgreiðsla reikninga

Fyrir liggur ársreikningur SNS fyrir árið 2023 sem gjaldkeri SNS Sindri Gíslason hefur tekið saman. Skoðunarmenn hafa yfirfarið og samþykkt reikninginn fyrir sitt leyti. Rekstrartap ársins nam samtals 47.733 kr en einu útgjöld ársins voru áskriftargjöld fyrir rekstur heimasíðu SNS. Engar tekjur voru á árinu þar sem ákveðið var á aðalfundi SNS árið 2023 að innheimta ekki árgjöld árið 2024. Eigið fé í árslok var 956.036 kr. og var það allt handbært fé. Fundurinn þakkaði Sindra og skoðunarmönnum fyrir vel unnin störf. Lilju var þakkað fyrir geymslu á möppum reikninga, sem nú eru komnar í hendur Sindra. Rætt um að færa að fé á reikning með hærri vexti. Gjaldkera falið að skoða máli. Jafnframt minnst á að SNS greiðir sameiginlegan kostnað við þingið í Bolungarvík.

Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

3. liður. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

4. liður. Kosning stjórnar og gjaldkera

Samkvæmt reiknireglu um stjórnarsetu forstöðumanna í SNS mun Kristín Ágústsdóttir NA ganga úr stjórn um áramót. Sigurður Halldór Árnason NAVE tekur við formennsku. Starri verður ritari og ný kemur inn Lilja Jóhannesdóttir NSA, meðstjórnandi.

Tillaga um nýja stjórn árið 2025 borin upp og samþykkt með lófaklappi.

Sindri Gíslason NSV samhljóða endurkjörinn gjaldkeri árið 2025.

5. liður. Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum.

Skýrsla vinnuhóps um ágengar tegundir (Menja, Sindri og Róbert)

Vinnuhópur SNS um ágengar tegundir starfaði áfram, líkt og í fyrra einkum í gegnum ÍSÁT (Íslenskur Sérfræðingahópur um Ágengar Tegundir), sem er sjálfsprottinn hópur sem Menja stýrir. Hópurinn var mjög virkur á tímabilinu og hefur unnið að faglegu áhættumati m.a. á stafafuru á Íslandi. Til þess var valið hið norska GEIAA mat á vistfræðilegum áhrifum, SEICAT á samfélagslegum áhrifum, auk leiðbeininga Evrópusambandsins um áhættumat framandi og ágengra tegunda. Hópurinn hefur verið í góðum samskiptum við starfsfólk Artsdatabanken í Noregi við innleiðingu þessarar

aðferðafræði og hefur fengið aðgang að gagnagrunnum og tölvuviðmóti því sem Norðmenn vinna eftir. Áhættumatið er ekki sérsníðið að íslenskum aðstæðum og því hefur þurft að aðlaga það íslenskum aðstæðum. Að mati hópsins eru íslensk stjórnvöld með allt niðrum sig í þessum málaflokki og ekki þjóð meðal þjóða, hvorki hvað varðar lög né annað. Ennþá er t.d. ekki til listi yfir ágengar tegundir hér á landi. Rætt um ófagleg vinnubrögð af hálfu stofnana og pirrandi hvað sé gengið fram hjá náttúrustofum þegar kemur að málefnum framandi og ágengra tegunda. Mikilvægt að litla Ísland nýti þó þá sérþekkingu sem er til staðar.

Sjófuglahópur (Lindi)

Starf hópsins miðast við árlegan fund en sá fundur hefur ekki ennþá verið haldinn. Stefnt er að fundi fyrir lok þessa árs.

Vatnshlotshópur (Sindri og Erlín skipuð af ráðherra)

Kallast hópurinn Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna framkvæmdar laga um stjórn vatnamála. Fyrir hönd SNS tímabilið 2023–2027: Sindri Gíslason (Náttúrustofa Suðvesturlands) - aðalmaður, Erlín Emma Jóhannsdóttir (Náttúrustofa Austurlands) – varamaður. Ráðherra skipar nefndarmenn til 3 ára, Sindri og Erlín sitja því í nefndinni til 2027.

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 ásamt fylgiáætlunum hennar, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Allar þessar áætlanir eru í gildi tímabilið 2022–2027. Ekkert formlegt fundahald var í nefndinni frá árslokum 2021 þar til í byrjun árs 2024. Nú er hins vegar svo komið að vinna er hafin við gerð næstu vatnaáætlunar sem mun taka gildi í upphafi árs 2028 og hefur nefndin því hafið störf að nýju. Einn fundur hefur verið haldinn á árinu 2024, þann 14. febrúar (Erlín mætti, Sindri í fæðingarorlofi). Berglind Orradóttir (Landbúnaðarháskólanum) var skipaður formaður nefndarinnar og Hörður Þorsteinsson (Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga) varaformaður. Ein skýrsla hefur verið send í rýni til nefndarinnar, þ.e. *Aðferðir við ákvörðun á vistmegni mikið breyttra vatnshlota*.

Vert er að benda á Vatnavefsjá stjórnar vatnamála sem eflaust getur nýst náttúrustofunum í ákveðnum verkefnum: <https://vatnavefsja.vedur.is/>. Ráðgjafanefndin biðlar til allra sem rekast á galla eða atriði sem betur megi fara láti vita af því.

Fagráð um náttúruminjaskrá (Stella)

Enginn fundur var haldinn í fagráði um náttúruminjaskrá á þessu ári. Farið var yfir svæðin á gömlu náttúruminjaskrá, enginn áhugi í ráðuneyti skv. tengilið við Stelli við NÁTT sem nefnir að vont sé að náttúruminjaskrá sé ekki kláruð. Svæði í B-hluta komin í framkvæmd hjá UST. Svo virðis sem hætt hafi verið við frekari aðgerðir á Melrakksléttu, Mýrar og Löngufjörur vegna óánægju heima fyrir vegna lítils samráðs. Starri benti á að mögulega hægt að nýta náttúrustofur frekar í slíkri vinnu staðbundið. Í þessu samhengi nefnir Lindi að vinna Guðrúnar hjá Stragetíu fyrir ráðneytið eftir fundaherferðina um framtíð náttúrustofa skoði samband þeirra við náttúruverndarnefndir sveitarfélaga. Rætt eins og oft áður um mikilvægi þess að náttúruverndarnefndir verði stærri nefndir

með meiri fjarlægð, nái yfir stærra svæði en sveitarfélögin. Hugmyndin að náttúruverndarnefndir gætu leitað til náttúrustofa um faglega ráðleggingar.

Samráðvettvangur um ráðstöfun tekna af sölu veiðikorta (Lilja og Róbert)

Líkt og fram kom í skýrslu formanns þá urðu breytingar í þessum hóp á árinu þegar Hálf dán Helgi Helgason (NA) sagði sig frá störfum hópsins, en Lilja Jóhannesdóttir (NSA) sem var búin að vera varamaður steig inn sem aðalmaður og Róbert Arnar Stefánsson (NVL) tók við varamennsku. Lilja sagði frá því að síðan hún tók við hafi verið haldnir tveir fundir þar sem farið var yfir vöktunarskýrslu lunda, þar sem höfundur kallaði eftir viðbrögðum við bágrri stöðu tegundar. Einnig var farið yfir umsóknir í 10% sjóð veiðikortasjóðs.

Vöktun fiðrilda

Þó ákveðið hafi verið á síðasta aðalfundi að fella þennan hóp út var engu að síður rætt um fiðrildavöktunina í kjölfar fyrirspurnar frá Starra. Allar stofur nema Náttúrustofa Suðurlands taka þátt um þessar mundir, auk NNV en Starri hyggst hefja vöktun á næsta ári. NNA skipti yfir í led perur í sumar, á undan öllum vegna bilana. NNA eiga aukaperur fyrir aðra. Rætt um sírita sem NÍ er að byrja með. Matti (NÁTT) ræddi á sínum tíma um að hætta með einhverjar stöðvar að þær væru of margar. Lilja (NSA) búin að fækka niður í eina. Kristín (NA) stefnir á að hætta með eina á næsta ári. Upp kom hugmyndi að nefnda þessa gagnasúpu við Inga Agnarsson sem er vel tengdur áhugafólki um skordýr. Gaman væri að gera komið þessu hendur á áhugasömum nema. Einnig ákveðið að ræða fljótlega við Matta á NÁTT um stöðu gagna og úrvinnslu. Gott að grípa tækifærið að gera breytingar á næsta ári þegar skipta á yfir í LED. Sindri (NSV) ætlar að heyra í Inga um hvort hann sjái einhver flöt á úrvinnslu gagnanna. Kristín (NA) heyrir í Eydísi (NÁTT) varðandi sírita.

6. liður. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Áslaug Lárusdóttir (NA) og Guðrún Óskarsdóttir (NA) endurkjörnar með lófaklappi.

7. liður. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög

Í ljósi góðrar eiginfjárstöðu samtakanna var lagt til að fella niður árgjald til SNS vegna ársins 2025.

Samþykkt samhljóða.

8. liður. Önnur mál

a) Staða trúnaðarmannamála náttúrustofa

Hulda Birna fór yfir málin. Hulda velti upp hugmynd um einn sameiginlegan trúnaðarmann innan SNS. Ákveðið að formaður SNS hafi samband við FÍN og skoði samlegð með Náttúrufræðistofnun. Undir þessum lið var einnig rætt aðeins um fyrirkomulag vinnu við stofnanasamninga. Verið samtal forstöðumanna og FÍN og svo stjórnarformaður komið inn í málið á síðari stigum. Róbert upplýsti að stjórnarmenn hjá

NVL hafi vísað frá sér vegna þekkingar að fjalla um slík mál, og þar hefur málum verið vísað til launanevndar Samtaka sveitarfélaga.

b) Fuglaflensa

Komið hefur fram fyrirspurn frá sambandi íslenskra sveitarfélaga og MAST um hvort náttúrustofur myndu taka að sér eftirlit og aðgerðir í tengslum við fuglaflensufaraldra. Ekki endilega svo að menn sjái fyrir að sé að náttúrustofurnar fari að safna hræjum, heldur að þær væru eftirlitsaðili og fengju starfsmenn, björgunarsveitir, meindýraeyða og aðra eins og var á Reykjanesi. Þessu myndi fylgja peningar þegar og ef næsti faraldur kemur. Starri formaður fór á fund f.h. SNS. Ljóst að liggja þarf fyrir hvort og hvað er greitt fyrir verkið og að verklagsreglur þurfi að liggja fyrir. Róbert segir rakið að náttúrustofur komi að þessu verkefni vegna nálægðar við verkefnið og tengsla við sveitarfélög. Því er mikilvægt að þær séu í lúppunni. Niðurstaðan sú að við viljum a.m.k. vera í nefndinni. Lagt til að SNS tilnefni tvo fulltrúa í nefnd um málið. Starri ítrekar að þeir sem fara í nefndina f.h. SNS hafi augun á greiðslumódelinu. Róbert bíður sig fram í nefndina og Siggi með honum.

Samþykkt samhljóða.

b) Grunnskólafræðsla

Starri ræddi hugmynd um að útbúa heimasíðu, efni í nærumhverfið, sem náttúrustofur myndu vinna saman. Rætt um mikilvægi þess að hafa tengiliði inn í skólanum áður, annars hætta á að yrði ekki notað. Bent á að fínt efni inn á síðu Náttúrufræðistofnunar. Rætt um mikilvægi þess að halda úti fréttum. Rætt um hvað stofurnar hafa verið að gera í fræðslumálum. Ýmislegt verið gert bæði með grunnskóla- og menntaskólanum um hjá stofnunum. Rætt var um mikilvægi þess að auka sýnileika náttúrustofa o.fl. Ekki náðist nein niðurstaða varðandi næstu skref í þessu máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið 11:54

Í kjölfar fundar var snæddur hádegismatur í félagsheimilinu í Bolungarvík og svo farið í stutta skoðunarferð um húsakynni Náttúrustofunnar á Bolungarvík áður en allir brunuðu heim.

Róbert Arnar Stefánsson

Starri Heiðmarsson

Þorkell Lindberg Þórarinsson

Lilja Jóhannesdóttir

Sigurður Halldór Árnason

Kristín Ágústsdóttir

Sindri Gíslason

Erpur Snær Hansen